



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Reykjavík, 23. ágúst 2024

Efni: Umsögn SI um reglugerð um umhverfisupplýsingar

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 126/2024, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög að reglugerð um umhverfisupplýsingar.

Í kynningu um málið kemur fram að tilgangurinn með boðuðum breytingum sé að samræma upplýsingar og einfalda rekstraraðilum að standa skil á upplýsingum um losun efna og öðrum umhverfisupplýsingum til stjórnvalda. Reglugerðin á sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt þeim lögum, sem og reglugerð ESB nr. 166/2006, er rekstraraðilum með starfsemi sem getur valdið mengun gert að skila Umhverfisstofnun upplýsingum um losun tiltekinna efna. Um er að ræða nauðsynlegar upplýsingar fyrir bókhald íslenskra stjórnvalda yfir losun mengandi efna, þar á meðal gróðurhúsalofttegunda, og hráefnanotkun.

SI fagna framkomnum tillögum sem leiða til samræmingar og einföldunar á kvöðum sem lagðar eru á atvinnulíf, eins og þau eru kynnt í framangreindu máli, og styðja samtökin framgang þessa máls. Að gefnu tilefni óska SI eftir sem áður að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað boðaðar breytingar varðar.

Eins og áður segir fagna SI því markmiði að leggja til einföldun og samræmingu á kvöðum, m.a. á þá vegu að nái boðaðar breytingar fram að ganga verði samhliða reglugerð um grænt bókhald, nr. 851/2002, og reglugerð um skil atvinnurekstrar á upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda, nr. 244/2009, felldar úr gildi.

Hvað varðar efnistöð fyrirbyggjandi draga að reglugerð þá vekja SI athygli á 2. gr. þar sem kveðið er á um kröfur hvað varðar útstreymisbókhald, sbr. áðurnefnd reglugerð ESB nr. 166/2006. Fram kemur í ákvæðinu að skila eigi upplýsingunum inn á formi sem Umhverfisstofnun leggur til, en þar er um að ræða form sem er óbreytt frá því sem hefur verið notast við. Leggja SI til að tekið verði skoðunar, með skilvirkni og einföldun að leiðarljósi, að hafa umrædda skráningu með rafrænu formi í gegnum gagnagátt Umhverfisstofnunar.

Í samhengi við framangreinda kröfu í 2. gr. þá er í 3. gr. kveðið á um að umhverfisupplýsingum skuli skila rafrænt á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til fyrir 1. maí ár hvert. Að mati SI er með öllu óljóst hvort hér er um að ræða skörun milli



útreymisbókhaldsins, sbr. 2. gr., eða hvort í ákvæðinu felist önnur sjálfstæð kvöð um að skila eigi upplýsingum sem ekki hafa þegar komið fram í áðurnefndu útreymisbókhaldi.

Þá ber þess að geta að í útreymisbókhaldi er m.a. kveðið á um útblástur SO₂, PFC, CO₂, Arsen, Nikkel, Sínk, Flúor og PM₁₀. Allar þær upplýsingar sem óskað er eftir samkvæmt 3. gr. koma fram í ársskýrslu skilaskyldra lögaðila sem undirsettir eru gildissviði reglugerðarinnar. Sú skýrsla er endurskoðuð en útgáfa hennar getur eftir atvikum dregist fram yfir 1. maí ár hvert. Að teknu tilliti til þeirra upplýsinga sem fram koma í þeim ársskýrslum velta SI upp þeirri spurningu hvort slíkar skýrslur mæta kröfum um umhverfisupplýsingar.

SI telja að einfalda þurfi skýrslugjöf og samræma skil á upplýsingum til Umhverfisstofnunar þannig að ekki sé verið að skila sömu upplýsingunum oftari en einu sinni. Æskilegast væri að gögnum verði skilað einu sinni í gegnum gagnagátt Umhverfisstofnunar og á því formi sem reglugerðir kveða á um. Í því samhengi benda SI m.a. á að aðrar upplýsingar sem eftirlitsskyldum aðilum ber að skila og hvort unnt sé að tryggja samræmi hvað þau skil varðar. Má þar nefna sem dæmi að upplýsingar um úrgang er t.d. skilað í gegnum gagnagátt, s.s. urðun innan svæðis og útflutningur, sem og upplýsingar um flutning og meðhöndlun hættulegs úrgangs innan- og utanlands og meðhöndlun á hættalausum úrgangi svo dæmi séu tekin.

Samandregið styðja SI fyrirbyggjandi drög að reglugerðabreytingu en leggja til að samhliða boðuðum breytingum sem hér um ræðir verði leitað leiða til að samræma enn frekar ferla og skil á upplýsingum, m.a. að teknu tilliti til þeirra ábendinga sem að framan greinir. SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála